

Alþingi
Erindi nr. P 140/1793
komudagur 17.4.2012

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 17. apríl 2012
2012030022/42-1-1
TB
jgo/tb

**Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, aukin matsskylda o.fl.),
598. mál**

Við er til tölvupósts/bréfs frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (EES-reglur, aukin matsskylda o.fl.), 598. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur farið yfir frumvarpið og telur þau mjög til bóta sérstaklega með tilkomu C hluta í 1. viðauka. C hlutinn mun verða þess valdandi, verði löggin samþykkt, að ekki verður ekki lengur hægt að búa framkvæmdir niður í einingar, minni en viðmiðunar stærðir, beinlínis til þess að komast hjá því að tilkynna þær til ákvörðunar um matsskyldu og þannig komið í veg fyrir að áhrif á náttúru og umhverfi sé meiri.

4. gr.

Í fjórðu grein frumvarpsins er skilgreint að fullnægjandi gögn séu endanleg gögn sem umsagnaraðilar geta byggt umsagnir sínar á og geta verið grundvöllur ákvarðana Skipulagsstofnunar um matsskyldu. Stofnunin skal taka ákvörðun innan fjögurra vikna frá því að fullnægjandi gögn um framkvæmdina berast. Það er oftast fyrst í umsagnarferlinu sjálfu sem það kemur fram hvort að gögn séu fullnægjandi varðandi tiltekna þætti framkvæmdar. Að mati Náttúrufræðistofnunar er það ekki alveg skýrt hvort að þeir tímafrestir sem gefnir eru í lagagreininni eigi eingöngu við þann tíma sem Skipulagsstofnun hefur til að taka ákvörðun eða hvort hér sé um heildartíma að ræða, umsagnarferli og ákvörðun Skipulagsstofnunar, þ.m.t. þann tíma sem getur farið í að óska eftir frekari gögnum ef þess þarf. Það gefur augaleið að þetta er mjög stuttur tími, ef um allt ferlið er að ræða því Skipulagsstofnun er ekki alltaf í stakk búin til að meta sjálf hvort gögn séu fullnægjandi eða ekki. Þó Náttúrufræðistofnun skilji lagagreinina þannig að hér hljóti að vera eingöngu átt við þann tíma sem Skipulagsstofnun hefur til að afgreiða erindi eftir að umsagnarferli og gagnasöfnun er lokið þá mætti framangreint vera skýrara í lögnum. Sama á við um framkvæmdir í C flokki en þar eru tímafrestir enn styttri.

6. gr.

Í 6. gr. frumvarpsdraganna segir í a lið: *Við útgáfu leyfis til framkvæmdar skv. flokki B og flokki C skal leyfisveitandi kynna sér tilkynningu framkvæmdaraðila og ákvörðun*



Skipulagsstofnunar um matsskyldu og kanna hvort framkvæmdin sé í samræmi við niðurstöðu Skipulagsstofnunar. Ef um matsskylda framkvæmd er að ræða samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer um málsmeðferð skv. 2. mgr. Í 2. mgr. segir: Við útgáfu leyfis til framkvæmdar skv. 1. mgr. skal leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar. Leyfisveitandi skal birta opinberlega ákvörðun sína um útgáfu leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum innan tveggja vikna frá útgáfu leyfis. Í ákvörðun skal tilgreina kærueimild og kærufrest þegar það á við.

Náttúrufræðistofnun hefur á undanförunum árum ítrekað spurt sig til hvers mat á umhverfisáhrifum er ef það er þannig að leyfisveitandi getur í raun sniðgengið álit Skipulagsstofnunar og veitt leyfi sem getur farið þvert á álit stofnunarinnar. Í lögnum segir að leyfisveitandi eigi að taka rökstudda afstöðu til álits Skipulagsstofnunar án þess að fram komi með beinum hætti hvað sé átt við. Þýðir þetta t.d. að óheimilt sé að taka ákvörðun og veita leyfi sem gengur þvert á álit Skipulagsstofnunar? Og ef leyfið er þvert á álit Skipulagsstofnunar hvað þýðir þá rökstudd ákvörðun? Ef markmið laga um mat á umhverfisáhrifum á að ná tilgangi sínum í náttúru- og umhverfisvernd þá verður að gera kröfu um að lögin skýri út með einhverjum hætti hvað leyfisveiting má víkja langt frá álit Skipulagsstofnunar. Til dæmis hlýtur að þurfa að sýna fram á, með rökstuðningi, að ef annar kostur er valinn, annar en sá sem Skipulagsstofnun bendir á, þá verði að sýna fram á að hann hafi minni áhrif á náttúru og umhverfi. Það má því ætla að rökstuðningur leyfisveitanda þurfi að vera að meira eða minna leiti í samræmi við álit Skipulagsstofnunar því að öllu jöfnu hlýtur stofnunin að nýta sér upplýsingar úr matsferlinu til að komast að niðurstöðu sem sé í samræmi við markmið laganna. Lög um mat á umhverfisáhrifum eru alltof ómarkviss hvað þetta varðar. Ekki er að finna skýringu á þessu t.d. í reglugerð nr. 1123/2005.

9. gr.

Náttúrufræðistofnun telur að þær breytingar sem gerðar eru á 1. viðauka mjög til bóta. Það er þó stundum erfitt að átta sig á því hvers vegna sumt fer í A flokk en annað í B flokk. Til dæmis í 1. flokki framkvæmda, Landbúnaður, skógrækt og fiskeldi, fer aðeins þau alifugla og svína í A flokk. Þetta eru eini flokkurinn sem er líklegur til að hafa mjög takmörkuð áhrif á ósnortna náttúru t.d. vegna stærðar þau leiddisbúanna sjálfra og staðsetningu, þó önnur áhrif geti verið töluverð s.s. lyktarmengun og önnur mengun. Hins vegar fara allir aðrir flokkar framkvæmda í B eða C s.s. að leggja óræktað eða lítt ósnortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað. Sama gildir um skógrækt hvort sem hún er á verndarsvæði eða ekki. Sama gildir um þau leiddi á fiski. Náttúrufræðistofnun spyr hvort hér sé ekki um að ræða einkennilega afstöðu til náttúru landsins og friðlýstra svæða og annarra verndarsvæða. Vissulega er hér um tilkynningarskildar framkvæmdir að ræða og er það mjög til bóta. Það eru reglur sem banna ræktun útlendra tegunda hér á landi á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó. Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði, sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 með síðari breytingum. Með hliðsjón af framangreindu og mikilvægi friðlýstra svæða og verndarsvæða fyrir náttúru landsins, bæði á þurrlendi og í sjó, þá er ekki hægt að sjá hvað rök eru fyrir því að stórfelld breyting á landi sé ekki í A flokki. Þessar röksemdir gilda auðvitað líka fyrir aðrar tegundir af framkvæmdum s.s. efnistöku á verndarsvæðum, (3.13) olfu og gas leiðslur á verndarsvæðum o.s.frv. Nefna má t.d. að öl- og maltgerð á verndarsvæðum lendir í flokki B eins og framkvæmdir sem geta gjörbreytt landi. Þetta virðist að sumu leit vera handahófskennt val og ekki skýrt hvað ræður flokkuninni og svo virðist sem



verndarsvæði, í það minnsta friðlýst svæði, njóti ekki sérstöðu hvað varð val á framkvæmdum í A flokk. Að mati Náttúrufræðistofnunar þarf að laga þetta.


11. gr.

Fyrirhugaðar breytingar á 3. viðauka sem verður 2. viðauki, sjá 10. gr. í frumvarpsins, eru mjög til bóta.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

